



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 16. mars 2020

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um stöðu barna tíu árum eftir hrun. Þingskjal 195 – 191. mál.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri



Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um stöðu barna tíu árum eftir hrun.

Barnaheill hafa fengið ofangreint mál til umsagnar og þakka fyrir það. Umsögnin er nær samhljóða fyrri umsögnum um sama mál.

Barnaheill styðja við að starfshópur verði skipaður til að kanna stöðu barna og fjölskylduaðstæður þeirra 10 árum eftir efnahagshrunið á Íslandi. Mikilvægt er að skýrsla starfshópsins verði nýtt til að tryggja aftur inn í stjórnkerfið þá fjármuni sem skornir voru niður í hruninu og tryggja að börn njóti þeirrar þjónustu til fulls sem þau áður nutu, nú þegar hagur þjóðarinnar hefur vænkast á ný. Hér þarf ekki síður að meta m.a. sálrænar og félagslegar afleiðingar bankahrunsins fyrir þau börn sem eiga foreldra sem lentu í alvarlegum fjárhagsörðugleikum eftir hrun og misstu atvinnu og heimili sín í kjölfarið. Leggja þarf mat m.a. á sálrænar og félagslegar afleiðingar þess á foreldra og áhrif þess á börn á viðkvæmu uppvaxtarskeiði, s.s. að búa við kvíða og ótta foreldra vegna óvissu um grunnþarfir eins og atvinnu og húsnæði.

Barnaheill taka þannig undir það sem fram kemur í greinargerð að mikilvægt sé að safna gögnum reglulega um stöðu barna á heildrænan hátt og að bæta verður úr því sem allra fyrst og fela t.a.m. Hagstofu Íslands að bæta gagnasöfnun og miðlun upplýsinga um börn á Íslandi.

Um þessar mundir eru ekki síður mikilvægt að hafa góða yfirsýn yfir stöðu barna, nú þegar Covid19 veiran geisar. Áhrif hennar eru nú þegar mikil á líf allra barna, með röskun skólastarfs og annars sem snertir fjölskyldur þeirra, m.a. mögulegar efnahagsþrengingar. Þess þarf að gæta að réttindi barna séu uppfyllt á þessum tímum.

Barnaheill þakka fyrir að í greinargerð með þingsályktunartillögunni er vísað til þess að horft skuli til skýrslna Barnaheilla, en samtökin gáfu út skýrslu um fátækt barna í Evrópu, þ. á m. Íslandi, árið 2014, sjá [hér](#): og aðra skýrslu um tengsl barnafátæktar og skorts á tækifærum og menntun, árið 2016, sjá [hér](#). Þær má nýta í skoðun á stöðu barna á þessu 10 ára tímabili.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Samtökin taka gjarnan þátt í samtali um gerð skýrslunnar og munu taka því fagnandi, hafi starfshópurinn samráð við Barnaheill.

